

STEFNUR OG STRAUMAR Í SÁLFRÆÐI Í SÖGULEGU LJÓSI E-502-STSO



Ár: 2. ár.

Önn: Haustönn.

Tegund námskeiðs: Skylda (kjarnanámskeið).

Undanfarar: 1. ár í BSc-námi í sálfræði.

Skipulag: 4 stundir á viku í 12 vikur.

Kennari: Kristján Guðmundsson.

Lýsing: Í námskeiðinu eru tekin til skoðunar söguleg tímabil og áhrifamiklar kenningar sem mótað hafa sálfræði samtímans og aðferðafræði. Einnig verður farið yfir ýmsa þætti er snerta fagsvið sálfræðinga, svo sem siðferði og siðferðileg álitamál í rannsóknum og fagstörfum sálfræðinga.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

- lýst ríkjandi stefnum á mismunandi tímum í sögu sálfræðinnar.
- lagt gagnrýnið mat á mismunandi stefnur í sögu sálfræðinnar.
- nefnt helstu frumkvöðla ólíkrar hugmyndafræði í sögu sálfræðinnar.
- tengt mismunandi stefnur við sögulega atburði og ríkjandi tíðaranda.
- borið saman hugtök og aðferðir mismunandi stefna.
- gert grein fyrir helstu siðareglum sem sálfræðingar vinna eftir.

Námsmat: Próf og verkefni.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, hópvinna og umræðutímar.

Tungumál: Íslenska.

ECTS: 6.